

28. nóvember 1973.

685

Nr. 363.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til bæjarfógetans í Keflavík um skráningu ökutækja í Gullbringusýslu.

Hér með tilkynnist yður, herra bæjarfógeti, að ráðuneytið hefur ákveðið, með tilliti til þeirra breytinga, sem verða á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma 1. janúar n. k., að frá þeim tíma skuli umdæmisbókstafurinn Ö gilda fyrir skráningarskyld ökutæki í Keflavík og Gullbringusýslu, en umdæmisbókstafurinn G fyrir skráningarskyld ökutæki í Hafnarfirði og Kjósarsýslu.

Jafnframt skal tekið fram, að fyrst um sinn skal eigi skylt að umskrá ökutæki, sem bera umdæmisbókstafinn G 1. janúar 1974, en ættu samkvæmt framanskráðu að bera umdæmisbókstafinn Ö, enda sé ökutækið áfram í eign sama aðila og eigandinn búsettur innan Gullbringusýslu, Hafnarfjarðarkaupstaðar eða Kjósarsýslu, og eigi er þinglýst nýju skjali í ökutækinu.

Samhljóða bréf hefur ráðuneytið sent bæjarfógetanum í Hafnarfirði, svo og bifreiðæftirliti ríkisins.

21. desember 1973.

Nr. 364.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 94 frá 21. desember 1973 og innheimta á árinu 1974 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með 140% viðauka, leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekju-lögum nr. 104/1965.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en brot úr eyri, sem myndast við viðbóta þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 21. desember 1973.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.